

# Hefur Nýja-Sjáland fundið réttu leiðina gegn COVID-19?

Nýja-Sjáland er eitt fárra landa sem hefur opinberlega lýst þeirri stefnumörkun að uppræta beri COVID-19 innan landamæra (COVID-19 *elimination strategy*). Þessi harða stefna, sem meðal annars fólst í lokun landamæra, hefur bæði hlotið alþjóðlega eftirtekt og gagnrýni, en hún leiddi til örrar fækkunar tilfella af COVID-19 og samfélagssmit hvarf í lengri tíma.<sup>1</sup> Hvernig varð þessi stefnumörkun til og hverjar eru framtíðarhorfur þessa litla eyríkis með 5 milljónum íbúa, sem er jafnframt vinsæll áfangastaður ferðamanna?

Fyrsta COVID-19-tilfellið í Nýja-Sjálandi var greint 26. febrúar 2020. Fram að því höfðu viðbrögð yfirvalda falist í hertu landamæraeftirliti, eflingu á greiningargetu og undirbúningi fyrir fjölgun innlagna á sjúkrahús vegna COVID-19. Um miðjan mars fór að örta á samfélagssmiti og 26. mars ákvað ríkisstjórnin algera lokun (*lockdown*), en þá höfðu aðeins 102 tilfelli verið greind og ekkert dauðsfall enn í landinu. Auk þess voru settar hömlur á komur ferðamanna (fyrir utan íbúa og nýsjálenska ríkisborgara), og komið var á skyldubundinni 14 daga sóttkví fyrir alla nýkomna til landsins. Nákvæm smitakning og einangrun hefur verið viðhöfð allan tímann sem heimsfaraldurinn hefur geisad.

Hvers vegna ákváðu stjórnvöld Nýja-Sjálands að taka svona hratt og ákveðið til varna í COVID-19? Vísindasamfélaginu hér var mjög brugðið við lestur á sameiginlegri skýrslu WHO og Kína sem kom út í febrúar, en þar var sterklega gefið til kynna að SARS-CoV-2 smitum væri hægt að halda í skefjum með ákveðnum íhlutandi aðgerðum.<sup>2</sup> Í ljósi þess að í öfni stefndi ákvað ríkisstjórnin strax í kjölfarið, byggt á þessari vísindalegu þekkingu, að stefna að upprætingu veirunnar úr samfélaginu.

Þessi nálgun reyndist áhrifaríkari en flestir höfðu búist við. Eftir veldisvöxt tilfella í upphafi fækkaði tilfellum hratt (þau urðu 1500 alls) sem gerði stjórnvöldum kleift að losa mjög um höft. Nýja-Sjáland fór á lægsta stig viðbúnaðar 8. júní, 103 dögum eftir að fyrsta tilfellið greindist og eftir 7 vikna algera lokun. Á þessu tímabili eftir að veiran hvarf úr samfélaginu varð lífið næstum eins og áður og 9. ágúst staðfesti heilbrigðisráðuneytið að ekki hefðu greinst ný samfélagssmit COVID-19 á Nýja-Sjálandi í 100 daga. Nýja-Sjáland er með lægstu dánartíðni vegna COVID-19 í löndum OECD miðað við höfðatölu, alls 22 dauðsföll.

Af hverju náði Nýja-Sjáland þessum góða árangri í baráttunni við COVID-19? Landið er fremur einangrað, það tafði komu veirunnar til landsins og gaf því tækifæri til að draga lærdóm af öðrum þjóðum. Það er líka auðveldara að loka landamæ-

um eyríkja. Viðbrögð stjórnvalda voru ákveðin og byggðu á bestu þekkingu þess tíma, en einkenndust jafnframt af manneskjulegum stjórnunarstíl og skýrri upplýsingagjöf. Daglegir upplýsingafundir með forsætisráðherra og landlækni urðu vinsælasta sjónvarpsefnið.

Þrátt fyrir að árangri Nýja-Sjálands hafi víða verið fagnað má ekki sofna á verðinum. Hagkerfi landsins hefur fengið skell enda þótt stór hluti innlenda hagkerfisins sé kominn í sama gang og fyrir heimsfaraldur. Ferðamennska, sem er mikilvægur hluti þjóðartekna, hefur orðið fyrir stærsta áfallinu þar eð nánast engir erlendir ferðamenn geta komið til landsins. Þrátt fyrir þrýsting frá ferðaþjónustunni er ólíklegt að landið verði opnað á næstunni og þá sennilega aðeins fyrir gesti frá svæðum þar sem COVID-19-smit fyrirfinnast ekki. Getu okkar til að viðhalda sóttkví með fullnægjandi hætti hefur þó ítrekað verið prófuð og leitt í ljós ýmsa vankanta sem síðan hefur verið leitast við að bæta úr.

Nýja-Sjáland er áfram viðkvæmt gagnvart brestum á landamærum. Fjögur tilfelli af samfélagssmiti fundust í Auckland 11. ágúst og enn er verið að reyna að komast fyrir útbreiðslu frá þeim. Uppruni smitanna er enn óþekktur. Viðbrögð stjórnvalda voru að herða aftur á reglum um sóttvarnir og smitgát á Auckland-svæðinu, hækka viðbragðsstig í landinu öllu og efla eftirlit á landamærunum, í sóttkvíum og farsóttarhúsum.

Endurvakning samfélagssmita hefur vakið áhyggjur meðal landsmanna um getuna til að ráða við slíka aukningu í smitum, þar til bólu-efni verður tiltækt. Erlendir gagnrýnendur á stefnu stjórnvalda í Nýja-Sjálandi hafa sýnt nokkra drýldni og jafnvel hroka gagnvart þessum háleitu markmiðum. Samt sem áður nýtur stefnan mikils stuðnings bæði meðal almennings hér og vísindasamfélagsins, og vilji er til að halda henni til streitu. Þingkosningar eru framundan í Nýja-Sjálandi og aðal-umræðuefni allra stjórnmalaflokkanna er hvernig stefnunni verði best haldið, en ekki hvort sveigja beri af leið.

Reynsla Nýja-Sjálands hefur sýnt mikilvægi þess að taka ákvarðanir sem byggja á vísindalegri þekkingu, þess að hafa trausta forystu og miðla upplýsingum með skýrum hætti. Tíminn mun leiða í ljós hvort stefnumörkunin um útrýmingu veirunnar var besta leiðin fyrir landið. Það hefur aldrei verið brýnna en nú að alþjóðasamfélagið læri af reynslu annarra, forðist kreddur og sýni aðlögunarhæfni þegar kemur að viðbrögðum við COVID-19.



**David R. Murdoch**

Rektor Otago-háskólans í Christchurch á Nýja-Sjálandi  
Murdoch er sérfræðingur í smitsjúkdómum og sýklafræði.

[david.murdoch@otago.ac.nz](mailto:david.murdoch@otago.ac.nz)

**Það hefur aldrei verið brýnna en nú að alþjóðasamfélagið læri af reynslu annarra, forðist kreddur og sýni aðlögunarhæfni þegar kemur að viðbrögðum við COVID-19.**

**New Zealand's COVID-19 Elimination Strategy – Is it Working?**

David R. Murdoch MD, MSc, DTM&H, FRACP, FRCPA, FFSc(RCPA)  
Dean and Head of Campus University of Otago, Christchurch  
New Zealand | Aotearoa

## Heimildir

1. Baker MG, Wilson N, Anglemeyer A. Successful elimination of Covid-19 transmission in New Zealand. *N Engl J Med* 2020; 383: e56.
2. [who.int/docs/default-source/coronaviruse/who-china-joint-mission-on-covid-19-final-report.pdf](https://www.who.int/docs/default-source/coronaviruse/who-china-joint-mission-on-covid-19-final-report.pdf) - ágúst 2020.

10.17992/ibl.2020.09.593